

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 2. júlí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-31/2015:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 7. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 23. júní sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar segir m.a.: „Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftirtöldum gögnum og upplýsingum frá þér:

- 1) Kvittun fyrir kaupum þínum á eldsneyti af Y, eða öðru gagni sem staðfestir kaup þín á eldsneytinu, t.a.m. staðfestingu á greiðslu til Y úr heimabanka.
- 2) Upplýsingar um bifreið þína, þ.m.t. fastanúmer, tegund, árgerð og akstur.
- 3) Upplýsingar um núverandi ástand bifreiðarinnar, t.d. frá verkstæði því er skoðaði bifreiðina skv. álitsbeiðni.
- 4) Afrit af kaupsamningi og afsali vegna kaupa á bifreiðinni xx-000 af Z.
- 5) Afrit af samskiptum þínum við Y að því marki sem þau eru til skrifleg, t.d. afrit af tölvupóstsamskiptum eða öðru.
- 6) Staðfestingu á útlögðum kostnaði þínum í tengslum við meint tjón á bifreið þinni, t.d. afrit af reikningum vegna leigu á bílaleigubíl.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 2. júlí n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kærufndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kærufndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 23. júní sl.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir